

Reglur um innritun og gjöld í leikskólum Hveragerðisbæjar



1.gr.

Gildisvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Hveragerðisbæjar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum bæjarins. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. Barnalögum.

2.gr.

Fyrir hverja er leikskólinn?

Hveragerðisbær starfrækir leikskóla fyrir börn frá 12 mánaða aldri og til 6 ára aldurs skv. lögum um leikskóla nr. 90, frá 12. júní 2008. Ef laus pláss eru á leikskólum er heimilt að taka inn yngri börn en þó aldrei yngri en 9 mánaða. Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu maí - október, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássna fer einkum fram á tímabilinu mars- júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

3.gr.

Hvar á að sækja um leikskóladvöl?

Umsóknir skulu vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum sem liggja frammi á bæjarskrifstofu. Á heimasíðu Hveragerðisbæjar má einnig finna umsóknareyðublöð ásamt upplýsingum um mögulega vistunartíma og gjaldskrá leikskólanna á hverjum tíma. Hægt er að senda umsóknir um leikskólavistun rafrænt á netfangið hve@hveragerdi.is

4.gr.

Hver getur sótt um leikskóladvöl?

Foreldrum er heimilt að sækja um leikskólapláss enda er lögheimili þeirra og barnsins skráð í Hveragerði. Ef foreldrar hyggjast flytja í sveitarfélagið geta þeir sótt um leikskóladvöl en barn fær ekki úthlutað leikskólaplássi fyrr en lögheimili hefur verið flutt og skulu foreldrar tilkynna sérstaklega um lögheimilisflutninginn til bæjarskrifstofu.

Inntaka barna er háð því skilyrði að foreldrar séu ekki í vanskilum í leikskólum sveitarfélagsins.

5.gr.

Eftir hvaða reglum er barni boðin dvöl á leikskóla?

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, að teknu tilliti til reglna um forgang hér að neðan.

Reglur um forgangs röðun barna í leikskólum Hveragerðisbæjar eru eftirfarandi:

- Forgang á forgang hafa börn með fötlun og skal þá greining vera fyrirliggjandi.
- Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félagsmálastjóra Hveragerðisbæjar.
- Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskólanna með sérhæfða menntun svo sem iðjuþjálfar og þroskaþjálfar geta sótt um forgang fyrir barn sitt á leikskóla bæjarins að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru um leikskóladvöl í bæjarfélaginu. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að styðja umsóknina og færa rök fyrir nauðsyn forgangs.
- Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

6.gr.

Ef breytinga er óskað?

Óski foreldrareftir verulegri breytingu á vistunartíma fyrir barn sem þegar er á leikskólum bæjarins skal fylla út nýja umsókn og skila til viðkomandi leikskólastjóra. Breytingarnar taka gildi 1. eða 15. hvers mánaðar. Ef foreldrar óska eftir flutningi milli leikskóla eftir að leikskólaganga hefst ber að fylla út nýja umsókn og gilda þá sömu reglur og um aðrar umsóknir.

7.gr.

Dvalartími

Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7:45 – 17:00. Leikskólastjóra er heimilt að opna leikskólann kl. 7:30 enda sé ósk um slíkt frá að minnsta kosti fimm foreldrum þegar þjónustunni er komið á. Dvalartími barns er skipulagður í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Dvalartími barns skal ekki vera lengri en 9 tímar. Æskilegt er að börn yngri en tveggja ára séu ekki lengur en 8 tíma á dag í leikskólanum. Heimilt er að semja um gæslu í stundarfjórðung, hálf tíma á undan eða eftir umsömdum vistunartíma. Greitt er aukalega fyrir kortér/hálf tíma sem falla utan tímabilsins 8:00 – 16:00 skv. gjaldskrá. Dvalartími barns skal vera að lágmarki 4 klst. á dag. Börn í leikskóla skulu taka 4 vikna samfellt sumarleyfi ár hvert.

8.gr.

Hvernig á að segja upp vistun?

Gagnvirkur uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er 1 mánuður og skal miða uppsögn við 1. eða 15. hvers mánaðar. Leikskóladvöl skal segja upp skriflega á eyðublöðum sem leikskólastjórar hafa.

9.gr.

Gjaldskrá

Bæjarstjórn ákveður gjaldskrá leikskóla. Breytingar eru að jafnaði gerðar einu sinni á ári um leið og tekjuforsendur bæjarins eru ákveðnar.

10.gr.

Afsláttur leikskólagjalda

Afsláttur af leikskólagjöldum er veittur eftirfarandi:

- Systkinum
- Einstæðum foreldrum
- Námsmönnum
- Elsta árgangi leikskólabarna
- Foreldrum sem sótt hafa foreldrafærninámskeið

10.1.gr. Systkini

Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla og er hann eftirfarandi:

- Yngsta barn greiðir fullt verð.
- Næst yngsta systkinið fær 30% afslátt
- Þriðja yngsta systkinið fær 100% afslátt
- Fjórða yngsta systkinið fær 100% afslátt o.s.frv.

10.2.gr. Einstæðir foreldrar

Einstæðir foreldrar fá 30% afslátt af dagvistunargjöldum. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

10.3.gr. Námsmenn

Námsmenn í fullu námi fá 15% afslátt. Séu báðir foreldrar í námi er veittur 30% afsláttur.

Til að fá námsmannaafslátt þurfa námsmenn að vera í háskólanámi. Taka þarf fram á vottorði að um fullt nám (30 ECTS einingar) hafi verið að ræða. Afsláttur er einnig veittur námsmönnum sem stunda nám í framhaldsskóla að lágmarki 17 einingar á önn, í dagskóla. Skila þarf skólavottorði þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám í dagskóla hafi verið að ræða. Námsmenn þurfa að ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra til að eiga rétt á afslætti.

Námsmenn skulu staðfesta nám sitt með staðfestingu viðkomandi skóla á námsárangri í lok annar og fá þá greiddan afsláttinn næsta mánuð/mánuði. Vottorði skal skilað til viðkomandi leikskólastjóra fyrir 20. mánaðardag eigi niðurgreiðslan að koma til framkvæmda næstu mánaðarmót þar á eftir.

Námsmenn greiða almennt gjald á sumarönn, þ.e. frá 1. júní - 31. ágúst, nema þeir stundi sumarnám sem skal þá vottast á sama hátt og annað nám.

10.4.gr. *Elsti árgangur leikskólabarna*

Leikskóli er gjaldfrjálss í fjórar klukkustundir á dag fyrir nemendur í útskriftarárgangi leikskólanna frá 1. september ár hvert.

10.5.gr. *Foreldrafærninámskeið*

Foreldrar og forráðamenn sem sótt hafa foreldrafærninámskeið fá afslátt af leikskólagjöldum. Afslátturinn er 5% af vistunargjaldi.

10.6.gr *Fæðiskostnaður*

Afsláttur af leikskólagjöldum gildir ekki af fæði en þar skal ávallt greiða fullt gjald án afsláttar.

10.7.gr. *Fjarvistir*

Enginn afsláttur er veittur af gjöldum þótt börn séu fjarverandi um tíma nema um langvarandi fjarveru vegna alvarlegra veikinda sé að ræða (mánuð eða meira) og skal þá veikindavottorð hafa borist leikskólastjóra. Ef félagslegar aðstæður valda langvinnum fjarvistum er heimilt að fella niður leikskólagjöldin að höfðu samráði við félagsmálastjóra.

11.gr.

Vanskil

Verði vanskil meiri en þrjár mánuðir er foreldrum gerð grein fyrir því að barnið muni missa pláss sitt á leikskólanum eftir 10 daga verði ekki þegar gripið til úrbóta.

Leikskólastjórar fá mánaðarlega yfirlit frá skrifstofu varðandi vanskil og geta því stutt við innheimtu og úrræði.

Samþykkt af bæjarstjórn þann 11. maí 2017 .

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri